

Minnisblað 15. apríl 2004.

Upptaka falsaðra listaverka með dómi

Skv. 55 gr. 1. og 2. mgr. höfl. Nr. 73/1972 má ákveða með dómi að verk sem gerð hafa verið, flutt til landsins eða birt almenningi þannig að í bága fari við ákvæði laganna verði gerð upptæk með dómi. Í 3. mgr. 55.gr.höfl. er hins vegar settur fyrirvari um að ólögmat verk verða ekki gerð upptæk ef þau eru í eigu grandalauss þriðja manns og til einkanota. Hér fyrir neðan er gerð tillaga um að þessu ákvæði verði breytt og leitast við að færa rök fyrir breytingunni.

Við 3. mgr. 55.gr. höfundalaga bætist eftirfarandi málsgrein

“Þó getur dómari, eftir að staðfest hefur verið með dómi að listaverk sé falsað, ákveðið að hið falsaða verk verði gert upptækt og það ónýtt eða að hin falsaða höfundamerking verði afmáð af verkinu og það merkt sem falsað verk.”

Rökstuðningur og greinargerð.

Meginreglan við ákvörðun eignaupptöku ef í hlut á aðili sem ekki er við brot riðinn, er sú að þá nái eignaupptaka ekki fram að ganga. Frá þeirri reglu eru þó veigamiklar undanþágur m.a. í ýmsum sérlögum. Almenn heimild til eignaupptöku er í 69. gr. alm. hgl. þar sem gert er ráð fyrir að gera megi upptæka með dómi hluti sem orðið hafa til við misgerning. Eignaupptaka er í sjálfu sér ekki refsing heldur úrræði til að koma í veg fyrir að brotamaður eða vitorðsmenn hans njóti ávinnings af brotastarfsemi, til þess að draga úr tjóni þess sem fyrir brotinu verður og til þess að vernda ríka almannahagsmuni.

Í ítarlegri fræðiritgerð Ingibjargar Benediktsdóttur hæstaréttardómara sem birtist í Úlfjótí, tímariti laganema og fjallar um þolendur eignaupptöku segir m.a.

“Hér er þó ekki um eiginlega refsingu að ræða. Er því ljóst að öllum meginreglum um refsingar verður ekki beitt við upptökuna. Hefur því verið talið heimilt að mæla fyrir um upptöku í lögum án tillits til eignarréttar þriðja manns, sem ekkert var við brot riðinn jafnvel þó slík upptaka geti verið mjög ósanngjörn í garð þriðja manns.”

Í ritgerð sinni fjallar höfundur einnig um 55.gr. höfl. Og segir þar um fyrirvara í 3. mgr.:

“Fyrirvari þessi er eðlilegur, þar sem telja má, að ógjörmingur sé í framkvæmd að beina upptöku að ofangreindum aðilum, þar sem oft yrði um stóran hóp manna að ræða (sbr. t.d. ef upplag bókar sem gefið hefur verið út, væri gert upptækt).”

Ljós má vera að fyrirvarinn í 3. mgr. 55 gr. höfl. hefur fyrst og fremst byggst á þessum sjónarmiðum, þ.e. eignaupptaka gagnvart þriðja manni væri í mörgum tilfellum óraunhæf og óframkvæmanleg vegna fjölda ólögmatra eintaka, sem þegar hefði verið dreift til almennings.

Allt önnur sjónarmið gilda þegar til álita kemur hvort heimili eigi upptöku falsaðra listaverka í eigu aðila sem ekki er við brotið riðinn. Um er að ræða eitt eintak eða a.m.k. mjög fá eintök þó brotastarfsemin geti verið mjög víðtæk sbr. t.d. hið svonefnda “Málverkafölsunarmál.” Þar er um að ræða 102 fölsuð málverk. Fallið hefur dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur og málinu verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Hvað varðar upptöku hinna fölsuðu verka í þessu máli er fráleitt að vísa til eignarréttarverndar skv. 72. gr. stjkskr. þrátt fyrir að grandalaus þriðji maður eigi hlut að máli, þar sem hin fölsuðu málverk eru verðlaus eða a.m.k. verðlítill. Fölsunin er hugverkaþjófnaður og skerðing á höfundarétti og sæmdarrétti þess listamanns sem á hlut að máli.

Upptaka myndi hins vegar vernda höfundarrétt og sæmdarrétt viðkomandi listamanna og stuðla að öryggi á listaverkamarkaði.

Í íslenskum rétti eru í ýmsum sérlögum ákvæði um eignaupptöku sem ganga miklu lengra á eignarétt grandalauss þriðja manns en hér er verið að leggja til og má m.a. nefna tollalög í því sambandi.

Knútur Bruun

Málverkafölsun er hugverkabjófnaður.

Það er meginregla í höfundarétti að listaverk er eign höfundar, hann einn hefur rétt til að birta það og sýna og ráðstafa því á annan hátt.

Sá sem falsar málverk brýtur því gegn eignarétti höfundar og skerðir höfundaheiður hans. Fölsunin er fölginn í því að líkja eftir höfundaeinkennum listamannsins og merkja honum hið falsaða verk.

Fölsunin er brot gegn eignarétti og sæmdarrétti listamannsins og einnig brot á ákvæðum almennra hegningarlaga, þegar falsarinn eða vitorðsmaður hans leitast við að selja hið falsaða verk og beita þar með svikum og blekkingum til að féfletta væntanlegan kaupanda.

Í Héraðsdómi Reykjavíkur var hinn 2. júlí 2003 kveðinn upp dómur í hinu svokallaða “Málverkafölsunarmáli”. Í dómsniðurstöðum er fjallað um rúmlega 100 málverk og pappírsmýndir og kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu að 42 listaverkanna séu fölsuð og jafnframt eru leiddar verulegar líkur að því að önnur tæplega 60 myndverk, aðallega pappírverk, séu einnig fölsuð. Vert er að hafa í huga að mjög ríkar kröfur eru gerðar til sönnunar í refsímálum og sönnunarbyrðin er ákærvaldsins.

Athygli fjölmiðla og almennings hefur fyrst og fremst beinst að refsiniðurstöðum dómsins og þeim einstaklingum sem ákærðir hafa verið. Lítið hefur verið fjallað um það menningarslys sem verknaður af þessu tagi hefur í för með sér, bæði hvað varðar höfundaheiður listamanna sem ranglega eru skráðir höfundar hinna fölsuðu verka og jafnframt vegna þeirrar atlögu sem gerð er að menningararfi þjóðarinnar. Einnig er þetta alvarlegur skæruhernaður gegn hinum vanburðuga og óþroskaða íslenska listaverkamarkaði. “Málverkafölsunarmálinu” hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og má vænta dóms frá réttinum á þessu ári.

Þá blasir við, burtséð frá refsiniðurstöðum, að fjöldi málverka, sem ýmist hafa verið dæmd fölsuð og önnur sem dómur hefur komist að niðurstöðum um að verulegar líkur bendi til að séu fölsuð verða afhent hinum óheppnu eigendum. Má þá gera ráð fyrir að einhver þessara málverka hefji nýja hringferð á íslenskum málverkamarkaði og hangi á nýjan leik á veggjum íslenskra heimila, fyrirtækja og stofnana, yfirvöldum og eigendum hinna fölsuðu verka til skammar.

Það þarf að koma í veg fyrir að þetta menningarslys endurtaki sig og lifi áfram með þjóðinni. Það verður einungis gert með því að ríkislögreglustjóri láti afmá hinar fölsuðu höfundarmerkingar af myndunum áður en þær verða afhentar eigendum. Ennfremur að löggjafinn breyti höfundalögum með nýju ákvæði sem heimili með dómi, að gera fölsuð málverk upptæk, burtséð frá því hver er eigandi þeirra, brotamaðurinn eða grandalaus þriðji maður.

Hafa ber hugfast að fölsun málverks er hugverkabjófnaður, hið falsaða málverk er í raun verðlaus eign.

Að vernda slík eignarréttindi jafnvel þó þau séu á hendi aðila sem ekkert var við fölsunarbrotið riðinn eru lítilfjórlegir hagsmunir bornir saman við vernd höfundaheiðurs listamanna og öryggis almennra borgara á listaverkamarkaði.

Knútur Bruun
Höfundur er hæstaréttarlögmaður og
Formaður Myndstefs